

Ed.

168. Frumvarp

til laga um friðun Þingvalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Frá og með árinu 1930 skulu Þingvellir við Öxará og umhverfi þeirra, sem tilgreint er í lögum þessum, vera friðlýstur helgistaður allra Íslendinga.

2. gr.

Takmörk friðhelga svæðisins skulu vera sem hér segir:

- a. Að sunnan: Frá hæstu brún Arnarfells í beina stefnu á Kárastaði, yfir Þingvallavatn og upp á vestara bakka Almannagjár.

- b. Að vestan: Hærri barmur Almannagjár, Fjánhúsmúli og efsta brún Ármannsfells norðaustur móts við Meyjarsæti.
- c. Að norðaustan: Frá Ármannsfelli, um Meyjarsæti norðanvert við Hofmannafliót i stefnu að Hliðargjá gegnt Tröllatindi.
- d. Að austan: Eystri bakki Hliðargjár og Hrafnagjár ræður takmörkunum suður á hæstu brún Arnarfells.

Landið innan ofannefndra takmarka skal varið fyrir ágangi af sauðfje og geitum. En skógurinn og villidýralif, sem þar kynni að geta þrífist, skal vera algerlega friðað. Þó getur Þingvallanefnd gert ráðstafanir til eyðingar þeim dýrum og fuglum, sem gera usla á hinu friðlýsta svæði eða vinna búfjenadi hjeraðsmanna tjón.

Þingvallanefnd ræður veiði i Þingvallavatni norðan linu þeirrar, er um getur i a-lið.

Ekkert jarðrask, húsaþyggingar, vegi, rafleiðslur eða önnur mannvirki má gera á hinu friðlýsta svæði, eða i landi jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka nema með leyfi Þingvallanefndar.

3. gr.

Nú takast eigi samningar milli Þingvallanefndar og ábúenda jarða þeirra, er að nokkru eða öllu falla undir hið friðlýsta svæði, og skal þá Þingvallanefnd taka afnotarjett jarðanna eða jarðahlutanna eignarnámi samkvæmt lögum og ábúendum greitt fyrir afnotarjettinn, samkvæmt óvilhallra, dómkvaddra manna mati.

Heimilt skal Þingvallanefnd að kaupa jörðina Gjábakka, eða ef ekki nást viðunandi samningar um verð, að taka jörðina eignarnámi samkvæmt lögum.

4. gr.

Friðlýsta landið skal vera undir vernd Alþingis og æfinlega eign íslensku þjóðarinnar. Það má aldrei selja eða veðsetja.

5. gr.

Þingvallanefnd, skipuð þrem alþingismönnum, hefir fyrir hönd Alþingis yfirstjórn hins friðlýsta lands og annara jarða i rikiseign, sem til eru greindar i 2. gr. Þingvallanefnd skal kosin með hlutfallskosningum i sameinuðu þingi i lok hvers þings eftir nýafstaðnar kosningar, i fyrsta skifti á þingi 1928.

6. gr.

Þingvallanefnd semur reglugerð um friðlýsta svæðið og meðferð þess. Skal hún byggð á lögum þessum, en staðfest af stjórnarráðinu. I reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fje upp i kostnað við friðunina. Þingvallanefnd má ráða umsjónarmann á Þingvöllum til 5 ára i senn.

7. gr.

Öll óhjákvæmileg útgjöld við verndun Þingvalla samkvæmt lögum þessum greiðast úr rikissjóði.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara skulu varða sektum, allt að 1000 kr., þriggja mánaða fangelsi eða hvorutveggja eftir málavöxtum.